

EES-samstarf: Þátttaka í stjórnnum áætlana ESB, landsskrifstofur, starfsmenn í Brussel, ESA o.fl.

a. Stjórnir áætlanna

b. Upplýsinga- og landsskrifstofur

c. Fulltrúar í Brussel

d. EFTA vinnuhópar

e. Starfsmaður hjá ESB

f. ESA – Eftirlitsstofnun EFTA

a. Stjórnir áætlanna:

Fyrir hverja áætlun ESB er stjórnarnefnd (management committee), sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju aðildarlandi að áætluninni. Hlutverk stjórna er að ræða innihald áætlanna, t.d. hvert er markmið þeirra og hvernig verkefni á að styrkja til að ná þeim fram. Framkvæmdastjórnin undirbýr og leggur fram öll gögn en stjórnarmenn geta gert tillögur um breytingar og er reyndin sú að hægt sé að hafa áhrif á gang mála. Fulltrúar Íslands í stjórnnum eru tilnefndir af ráðuneytinu:

- Menntaáætlunin: Stefán Stefánsson og Þórir Ólafsson
- Erasmus Mundus áætlunin: Sólrún Jensdóttir
- Menning 2007: Guðný Helgadóttir
- Æskulýðsáætlunin: Erlendur Kristjánsson
- Media 2007: Karitas H. Gunnarsdóttir og Sigríður Margrét Vigfúsdóttir
- 7. rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun - Specific Configuration Hjördís Hendriksdóttir, Ágúst H. Ingþórsson. Auk þess á Ísland sérstaka fulltrúa í 20 undiráætlunum 7. RÁ - sjá: <http://www.rannis.is/7ra>

b. Upplýsinga- og landsskrifstofur:

Á vegum ESB og aðildarlandanna eru reknar skrifstofur í hverju landi sem sjá um upplýsingagjöf til umsækjenda o.fl. Þær eru fjármagnaðar af yfirvöldum í þátttökuríkjunum og ESB. Landsskrifstofa fyrir menntamálaáætlunina er rekin af Háskóla Íslands og hún veitir almennar upplýsingar um áætlunina og úthlutar styrkjum til ýmissa verkefna, t.d. til þeirra sem fara í skiptinám eða starfsþjálfun.

Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins sér um Comenius, Erasmus og Grundtvig áætlanirnar og Rannsóknþjónusta Háskólans um Leonardo da Vinci áætlunina, þveráætlanir og Jean Monnet áætlunina. UMFÍ rekur landsskrifstofu fyrir æskulýðsáætlunina og hlutverk hennar er sambærilegt við ofangreindra skrifstofu. Upplýsingaskrifstofur fyrir menningaráætlunina, Menningu 2007 og myndmiðlunaráætlunina, Media 2007, eru frábrugðnar landsskrif-stofunum að því leyti að þær veita ekki styrki og geta því aðstoðað umsækendur við gerð umsókna auk almennrar upplýsingaþjónustu. Rannís gefur upplýsingar og aðstoð vegna 7. rammaáætlunar um vísindi og þróun.

Vefföng:

<http://lme.is/>

<http://rannis.is/7ra/>

<http://www.evropumenning.is/>

<http://mediadesk.is/>

<http://euf.is/euf/>

Menntaáætlun ESB

Rannsóknáætlun ESB

Menningaráætlun ESB

Kvikmynda- og sjónvarpsáætlun ESB

Æskulýðsáætlunin, Evrópa unga fólksins

c. Fulltrúar í Brussel:

Menntamálaráðuneytið hefur tvo fulltrúa í Brussel. Hjördís Hendriksdóttir sér um mál er varða rannsóknir og vísindi og Þorgeir Ólafsson um mennta- og menningarmál, þ.m.t. fjölmiðlun. Hlutverk þeirra er einkum aðstoð og tengslavinna gagnvart framkvæmdastjórn ESB fyrir ráðuneytið, landsskrifstofur og íslenska fulltrúa í nefndum. Meðal helstu verkefna:

- Fylgjast með verkefnum og gerðum í þessum málaflokkum frá ESB.
- Nefndaseta (u.þ.b. 75 starfandi nefndir á þessu sviði).
- Hagsmunagæsla og koma sjónarmiðum Íslands á framfæri.
- Fylgjast með störfum 6 vinnuhópa EFTA.
- Kynningarstarf í báðar áttir (Bru-Ísl/Ísl-Bru).
- Aðstoð við styrkumsóknir og framkvæmd samstarfsins.
- (Tvíhliða menningarsamstarf.)

Fulltrúi í mennta- og menningarmálum er auk þess varamaður í stjórnnum áætlanna, nema rannsóknáætluninni og tekur þátt í störfum vinnuhópa EFTA, sem falla undir hans verksvið. Fulltrúi í vísinda- og rannsóknamálum er stjórnarmaður í 7. RÁ, varamaður í stjórnnum undirráætlana 7. RÁ, fulltrúi í CREST, fulltrúi í ýmsum vinnuhópum framkvæmdarstjórnar ESB um opið samráð á sviði rannsókna- og þróunar og stýrir fundi vinnuhóps EFTA á sínu sviði.

d. EFTA vinnuhópar

Í vinnuhópunum sitja sérfræðingar frá ráðuneytum EFTA/EES- ríkjanna, eða frá stofnunum. Hlutverk vinnuhópanna er að fylgjast með þróun mála hver á sínu sviði hjá ESB, ræða og meta hvaða málefni þurfi að athuga sérstaklega og gera tillögur til undirnefnda og fastanefndar EFTA/EES um innleiðingu nýrra gerða frá ESB. Þá hafa vinnuhóparnir einnig það hlutverk að gera formlegar athugasemdir við tillögur framkvæmdastjórnar ESB um nýjar gerðir, sem falla undir EES-samninginn. Vinnuhóparnir gegna þannig mikilvægu hlutverki í EES-samstarfinu enda er starf þeirra grundvöllur að ákvarðanatöku í sameiginlegu EES-nefndinni. Menntamálaráðuneytið skipar í 7 vinnuhópa á vegum EFTA.

- um menntamál, þjálfun og æskulýðsmál, (Stefán Stefánsson)
- um gagnkvæmt mat prófgráða (Ólafur Grétar Kristjánsson)
- um hljóð og myndmiðlun (Elfa Ýr Gylfadóttir)
- um menningarmál (Guðný Helgadóttir)
- um rannsóknir og þróun (Hjördís Hendriksdóttir)
- um höfundarréttarmál (Jón Vilberg Guðjónsson)
- um fjármál / fjárhagsáætlun EES / EFTA (Gísli Þ. Magnússon).

Auk þess taka mennta- og menningarfulltrúi og vísindafulltrúi í sendiráðinu í Brussel þátt í störfum vinnuhópanna.

-sjá: <http://www.efta.int/>

e. Starfsmaður hjá ESB

Íslensk stjórnvöld greiða hluta af rekstrar- og stjórnunarkostnaði Evrópu-sambandsins í þeim málaflokkum er falla undir EES-samninginn og við tókum þátt í. Einnig gefst kostur á að greiða kostnað við starfsmann á tiltekinni skrifstofu ESB og hefur ráðuneytið valið að kosta einn starfsmann á menntamálskrifstofunni, þeirri deild er sér um Erasmus-áætlunina. Hann starfar fyrir framkvæmdastjórnina og er ekki ætlað að gæta sérstaklega hagsmuna Íslands frekar en aðrir starfsmenn framkvæmdastjórnarinnar gagnvart sínum heimalöndum. Ásgerður Kjartansdóttir hefur gegnt þessari stöðu frá árinu 2006.

f. ESA – Eftirlitsstofnun EFTA

ESA hefur eftirlit með því að skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum séu efndar og að aðgerðir aðildarríkjanna á sviði samkeppni séu lögmætar. Eftirlitið snýr bæði að því hvernig EES-reglurnar eru innleiddar í íslenskan rétt og hvernig þeim er síðan framfylgt af stjórnvöldum. Að auki hefur ESA mikilvægu hlutverki að gegna um samkeppnismál, sem hafa áhrif á viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu. Nokkur mál er varða menntamálaráðuneytið eru til meðferðar af hálfu ESA en á mismunandi stigum.

-sjá: <http://www.eftasurv.int/>